



Jóla

FRÉTTABRÉF BSSL

EFNI BRÉFSINS:

Niðurstöður heysýna	2
Á döfinni hjá Hrossaræktar- samtökum Suðurlands	2
Hugleiðingar vegna breytinga á varnarlinum sauðfjársjúkd	3
Áritun upplýsinga á skatt- framtöl	3
Hrossaræktin - skýrsluhald	4
Skráning sauðfjársæðinga	5
Búreikningar 2008 Hvar liggja tækifærin?	6-7
Tilkynning frá Félagi kúa- bænda	8



Styrkir til áburðarkaupa úr Bjargráðasjóði - Ítrekun

Umsóknarfrestur um styrk til áburðarkaupa var auglýstur til 20. ágúst og styrkirnir voru greiddir út 21. október, alls 5000 krónur á tonn. Nú hefur stjórn Bjargráðasjóðs ákveðið að bjóða þeim sem ekki sóttu um á réttum tíma að sækja um nú. Fjárhæð styrks nú getur tekið skerðingu vegna takmarkaðs fjármagns til verkefnisins. Umsóknarfrestur er til 30. desember 2009.

Leggja þarf fram reikninga vegna áburðar sem sannarlega er keyptur og notaður á vaxtarárinu 2009 (til og með 10. ágúst 2009). Hafi bóndi keypt áburð eftir 10. ágúst 2008 til notkunar á árinu 2009 má þó leggja þann reikning til grundvallar sé skilyrðum að öðru leyti fullnægt.

Til greina koma reikningar vegna innflutts tún- og akuráburðar sem inniheldur að lágmarki 11% N. Varðandi gróðurhúsaáburð og fljótandi áburð er miðað við að N, P, og K gildi blöndu eða eingildra tegunda samanlagt sé í samræmi við þarfir, að lágmarki 7% N í því samhengi fyrir gróðurhúsaplöntur en 11% fyrir aðrar plöntur til matvæla- eða fóðurframleiðslu.

Skilyrði er að umsækjandi standi fyrir búrekstri á lögbýli og greiði búnaðargjald.

Umsækjendur skulu skila umsókn ásamt framlögðum reikningum til leiðbeiningamiðstöðvar síns búnaðarsambands. Héraðsráðunautur mun gera úttekt á reikningunum, þ.m.t. kanna réttmæti þeirra og hvort um eðlilega notkun er að ræða miðað við aðstæður. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á bondi.is eða hjá Búnaðarsambandinu.

Fræðslukvöld: Litir hrossa og erfðir á þeim

Í samstarfi við Hrossaræktarsamtök Suðurlands

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu hrossaliti og erfðum þeirra lýst. Myndir verða mikið notaðar og raunveruleg dæmi tekin til útskýringar. Markmiðið er að þátttakendur öðlist skilning á helstu atriðum litaerfðanna.

Kennari: Guðni Þorvaldsson frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Stund og staður: Miðvikudagur 13. jan. Kl. 19:45-22:00 í félagsheimili Sleipnis, Suðurtröð á Selfossi.

Verð: 1000 kr til félagsmanna Hrossaræktarsamtaka Suðurlands og 1500 kr fyrir aðra. Greitt á staðnum, ekki er tekið við kortum.

Skráningar: endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5000.

Niðurstöður heysýna Meiri breytileiki í niðurstöðum en áður

Lokið er efnagreiningum um 500 heysýna af Suðurlandi vegna uppskeru sumarsins 2009. Þær niðurstöður sem komnar eru benda til mun meiri breytileika en áður í fóðurgildi heysins. Ef litið er á meðaltal úr 1.slætti þá kemur í ljós að orkugildi þessara sýna er að meðaltali um 0,8 FEm/kg þurrefnis, heildarprótein um 142 gramm/kg þurrefnis en var eftir sumarið 2008 um 160 grömm í kíló þurrefnis. Sjá nánar í töflu 1.

Tafla 1. Orku- og próteingildi -1.sláttur

Ár	Meltan- leiki	FEm/kg	Heildar- prótein	AAT g	PBV g	Þurr- efni
2009	70	0,80	142	69	23	50
2008	71	0,81	160	73	34	57

Athygli vekja lægri próteintölur en árið 2008, mikill breytileiki er þarna á milli bæja.

Ef leitað er skýringa í þessum aukna breytileika þá er nokkuð af sýnum í þessu gagnasafni tekið í fyrri hluta júlí og ætlað sem geldstöðufóður og þá með mun lægra orku- og próteingildi en fóður sem tekið er sem framleiðslufóður. Annar skýriþáttur er sparnaður í áburðargjöf. Í sumum tilvikum hafa menn gengið of langt í sparnaði þannig að það kemur niður á gæðum fóðursins.

Þegar nánar er litið á niðurstöðurnar má sjá að mjög margir hófu slátt um 17.júní en fyrstu sýnin eru þó tekin í byrjun júní. Strax um 20.júní virðist heildarpróteinið vera farið að gefa eftir en orkugildið gefið eftir heldur seinna og víða komið niður fyrir 0,8 um 25.júní.

Í töflu 2 má sjá samanburð á steinefnatölum milli árana 2008 og 2009 miðað við 1.slátt.

Tafla 2. Steinefnatölur 1.sláttur

Ár	Ca g/kg þe.	P g/kg þe.	Mg g/kg þe.	K g/kg þe.	Na g/kg þe.	Þurr- efni %
2009	3,2	2,9	1,9	18	1,1	50
2008	3,4	3,1	2,1	20	1,1	57

Steinefnatölur virðast almennt heldur lægri en í fyrra miðað við 1.slátt.

Við skoðun á niðurstöðum úr 2.slætti kemur í ljós að miðað við niðurstöður frá 2008 þá eru sýnin frá 2009 breytilegri að gæðum og ívið lakari að meðaltali. Hins vegar er þurrefni háarinar heldur hærra en 2.sláttur. Eins og ávallt er, þá eru steinefnatölur hærri í 2.slætti en í 1.slætti.

Í heild má segja að heyuppskera á Suðurlandi hafi verið mikil að magni til en greinilega nokkuð breytileg að gæðum miðað við fyrri ár. Hins vegar virðist kornuppskera hafa vera meiri en oft áður og væntanlega gæðameiri einnig.

Þegar litið er á þróun mjólkurinnleggs tímabilið september til og með nóvember hjá MS-Selfossi þá hefur innlegg aukist þar frá sömu mánuðum í fyrra um 1,7% sem bendir til nýting þess fóðurs sem gefið er nú á fyrstu mánuðum vetrar sé mjög góð.

Runólfur Sigursveinsson

Á döfinni hjá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands

Nú er vetrardagskráin hjá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands farin að skýrast og hér fyrir neðan má sjá helstu viðburði:

Miðvikudaginn 13. janúar 2010

Erfðir hrossalita, fræðslukvöld í Hlíðskjálfi, félagsheimili Sleipnis. Leiðbeinandi Guðni Þorvaldsson. Verð 1.000 kr fyrir félagsmenn og 1.500 kr fyrir aðra, greiðist á staðnum. Boðið upp á kaffi og meðlæti.

Laugardaginn 20. febrúar 2010

Byggingardómar, dagsnámskeið í Hestamiðstöðinni Dal Mosfellsbæ. Leiðbeinendur Jón Vilmundarson og Þorvaldur Kristjánsson. Verð 10.000 kr fyrir félagsmenn og 14.000 kr fyrir aðra.

Sunnudaginn 21. febrúar 2010

Hæfileikadómar, dagsnámskeið í Rangárhöllinni. Leiðbeinendur Jón Vilmundarson og Þorvaldur Kristjánsson. Verð 14.000 kr fyrir félagsmenn og 20.000 kr fyrir aðra.

Laugardaginn 20. mars 2010

Ungfolasýning í Ölfushöllinni

Apríl 2010 (endanleg dagsetning hefur ekki verið ákveðin).

Ræktun 2010

Það skal skýrt tekið fram að **til þess að félagsmenn fái afslátt á námskeið sem samtökin halda þurfa félagsmenn að vera skuldlausir um áramót**. Þegar er farið að taka niður skráningar á námskeiðin á netfangið endurmenntun@lbhi.is og í síma 433 5000. Á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands www.lbhi.is má finna nánari lýsingu á námskeiðunum.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands óskar Sunnlendingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Hrossaræktin - skýrsluhald, einstaklingsmerkingar o.fl.

Skýrsluhald

Senn líður að áramótum og því rétt að minna á hrossaskýrslurnar. Margir skrá orðið sjálfir í heimarétt sinni í WorldFeng og ekki annað að heyra en það gangi vel. Heimaréttin sýnir þau hross sem eru í eigu viðkomandi áskrifanda (tengd kennitölu). Ef hins vegar áskrifandi sér um skýrsluhald eða vill að hross í eigu annarra fjölskyldumeðlima komi fram í sömu heimarétt, þá er hægt að senda inn svonefnt umboð þar sem þeir sem eiga að bætast við gefa ákveðnum aðila umboð til að sýsla með sín hross. Umboðið má finna undir eyðublöð á vinstri valmynd inni í WorldFeng eða á heimasíðu BSSL undir hrossarækt og eyðublöð. Umboðið verður að fylla út með undirskrift allra sem veita umboð og senda til Bændasamtaka Íslands, heimilisfangið kemur fram neðst á umboðinu.

Umsjónarmenn stóðhesta ættu endilega að drífa í að skila sem fyrst inn stóðhestaskýrslum því nú hafa þær aukið vægi. Ekki er hægt að skrá folald í heimarétt nema þar komi fram að móðirin hafi verið hjá stóðhesti árið áður en hann kemur sjálfkrafa inn sem faðir folaldsins. Fæðinardagur folalds mun nú hafa aukið væri vegna reglna hjá ESB varðandi útflutning. Ræktendur sem skila skýrslum inn á pappír eru því beðnir um að skrá fæðingardag þó svo ekki sé neinn reitur fyrir það. Ekki er hægt að skrá folald í WF nema að setja inn fæðingardagsetningu. Ef dagsetningin kemur ekki fram mun sjálfkrafa verið skráð að folaldið sé fætt 1. nóvember en þetta er tilskipun frá Bændasamtökum Íslands. Dálítið sérkennileg



dagsetning en hún mun hafa verið ákveðin til að ýta á ræktendur að leiðrétta fæðingardag. Þeir sem þegar eru búnir að skila inn skýrslum geta sent tölvupóst á halla@bssl.is eða hringt í 480-1800 og óskað eftir leiðréttingu á fæðingardeggi. Rétt er að minna stóðhestaeigendur á að samkvæmt kynbótareglum FEIF og FIZO eiga allir stóðhestar 4 vetra og eldri að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra frá og með næsta vori.

Af árgangi 2008 fæddum og lifandi á Suðurlandi er búið að skrá 2777 folöld í WF. Samkvæmt forðagæsluskýrslum það sama ár voru sett á 2952 folöld. Það er því búið að skrá í WF 94% af árgangi 2008 fæddum á Suðurlandi. Í töflu 1 má sjá ásett og skýrslufærð folöld eftir sýslum og kemur þá í ljós að í Rangárvallasýslu eru fleiri hross skráð í WF heldur en talin eru fram á forðagæsluskýrslum. Ástæðan gæti verið sú að þéttbýlisbúar sem kenna hrossin sín við bæi í Rangárvallasýslu telji þau fram á skýrslum þar sem þeir búa. Talsverður fjöldi folalda er á fóðrum á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 1. Ásett og skráð folöld fædd 2008 eftir sýslum á Suðurlandi. (Heimild forðagæsluskýrslur frá 2008 og WorldFeng 10/12 2009).

Sýsla	Ásett	Skráð og lifandi	Hlutfall skráðra og ásettra folalda
V-Skaftafellssýsla	83	52	63%
Rangárvallasýsla	1515	1573	103%
Árnessýsla	1354	1152	85%
Samtals:	2952	2777	94%

*Okkar bestu jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir
viðskiptin á árinu sem er að líða!*



Vörðufell

BYGGINGAVERKTAKAR

vordufell@simnet.is • vordufell.is

Símar: 898 1589 • 897 8960

Það er greinilegt að á síðustu árum hefur ásettum folöldum verið að fjölga. Haustið 2007 voru sett á 2.776 en haustið 2008 eru þau 2.952. Ásetningur hefur verið að aukast jafnt og þétt frá árinu 2003 en þá voru sett á 1958 folöld.

Einstaklingsmerkingar

Frostmerkingar eru ekki lengur teknar gildar sem einstaklingsmerking. Reglugerð um merkingu búfjár frá 2005 hefur verið breytt á þann veg að nú er örmerking einungis tekin gild sem einstaklingsmerking (sjá reglugerð 323/2009). Minni á að folöld skulu merkt við hlið móður fyrir 10 mánaða aldur. Í reglugerðinni frá 2005 (nr. 289) var tekið fram að

Tafla 2. Aldursdreifing á sýningum á starfssvæði BSSL árið 2009.				
	Viðidalur	Héraðssýning Sörlastöðum	Héraðssýning Gaddstaðafll.	Síðsumarsýn. Gaddstaðafll.
Stóðhestar:				
7. v. og eldri	5	8 (1)	18	5 (1)
6. vetra	1	20 (2)	32 (2)	5
5. vetra	4 (2)	30 (6)	58 (8)	13 (1)
4. vetra	7 (3)	23 (12)	66 (34)	6 (3)
Ungfolar	0	0	0	0
Samtals stóðhestar	17 (5)	81 (21)	174 (44)	29 (5)
Hryssur:				
7. v. og eldri	12 (4)	58 (6)	103 (9)	96 (9)
6. vetra	10 (1)	46 (4)	69 (4)	54 (11)
5. vetra	3	62 (4)	109 (23)	69 (13)
4. vetra	1 (1)	15 (1)	51 (20)	23 (10)
Samtals hryssur	26 (6)	181 (15)	332 (56)	242 (43)
Afkvæmi	0	1	5 (1)	3
ALLS:	43 (11)	263 (36)	511 (101)	274 (48)

*Tölurnar í sviga segja til um fjölda sem eingöngu fær sköpulagsdóm.

hross fædd fyrir 1. janúar 2003 þyrftu ekki að vera einstaklingsmerkt, þetta ákvæði hefur verið fellt úr gildi þannig nú þurfa öll hross í landinu að vera einstaklingsmerkt. Þessi breyting er tilkomin vegna reglna hjá ESB um rekjanleika matvæla. Sláturhúsum verður óheimilt að slátra gripum sem ekki eru einstaklingsmerktir og dýralæknar munu ekki mega meðhöndla ómerkt hross. Þetta er ansi mikil breyting því enn er töluverður fjöldi eldri hrossa ekki merktur. Folöld sem fara í sláturhús fyrir 10 mánaðar aldur þurfa ekki að vera einstaklingsmerkt en það þarf að fylgja þeim fæðingarnúmer móður. Þeir bændur sem enn eru með hross sem ekki eru grunnskráð ættu endilega að vera í sambandi við Búnaðarsambandið sem fyrst og fá aðstoð við að grunnskrá þau. Hrossabændur sem eru í folaldakjötfraðslu ættu endilega að ganga úr skugga um að hryssurnar séu grunnskráðar.

Kynbótasýningar 2009

Þátttaka í kynbótasýningum á vegum BSSL var góð og voru samtals 1.091 hross dæmd. Þess má geta að alls voru dæmd 1.720 hross á landinu öllu ef Fjórðungsmótið á Vesturlandi er ekki talið með en þar voru dæmd 75 hross. Það þýðir að 63% allra dæmdra hrossa á árinu voru sýnd á starfssvæði BSSL sem er lægra hlutfall en í fyrra (69%). Í Víddal voru sýnd 43 hross, á Sörlastöðum 263 hross og á Gaddstaðafllötum 785 hross (tvær sýningar). Á vorsýningunni á Gaddstaðafllötum mættu 511 hross í dóm en 274 hross á síðsumarsýninguna er það mesta þátttaka sem verið hefur á síðsumarsýningu. Alls voru dæmdar 781 hryssur, 301 stóðhestar og 9 geldingar. Aldursdreifingu á hverri sýningu má sjá í töflu 2.

Að lokum, munum að hlú vel að útigangshrossum en þau þurfa góð skjól, nægt fóður og hreint vatn. Sendi bændum og búaliði mínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár.

Halla Eygló Sveinsdóttir

Skráning sauðfjársæðinga

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands minnir á að nú er gert ráð fyrir því að viðkomandi bóndi/sæðingamaður skrái sínar sæðingar beint inn á fjarvis.is. Þar er komin sérstök aðgerð sem heitir „skrá sæðingar“. Best er að skráning fari fram sem allra fyrst að afloknum sæðingum, helst samdægurs. Þegar skráningu er lokið viljum við fara þess á leit við menn að þeir sendi tilkynningu þar að lútandi á netfangið sveinn@bssl.is.

Þeir sem ekki hafa tök á að skrá sæðingarnar sjálfir eru beðnir um að senda sæðingabækur til Búnaðarsambandsins til skráningar í síðasta lagi fyrir áramót.

Við minnum svo á að afgreiðsla sæðis frá stöðinni stendur fram til 21. desember n.k. og að pantanir þurfa að berast fyrir kl. 9.00 f.h. í síma 482 1920 eða á netfangið saudir@simnet.is.

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands sendir öllum sauðfjársæðingum og öðrum viðskiptavinum sínum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Búreikningar 2008

Hvar liggja tækifærin?

Þær tölur sem birtust í búreikningum 2008 heyra nú að mestu sögunni til. Þrátt fyrir það getur verið gagnlegt að skoða þær tölur þegar hugað er að tækifærum til framtíðar. Bæði til að átta sig á stöðu landbúnaðarins í heild, sem og að velta upp þeim möguleikum sem til staðar eru hjá hverju og einu býli.

Kúabú

Á undanförunum árum hefur nokkuð fastur kjarni kúabúa á Suðurlandi tekið þátt í SUNNU-verkefninu, markmiðstengdum búrekstraráætlunum BSSL. Alls voru tæplega 60 bú í sameiginlegu uppgjöri í ár, þar sem eingöngu var horft á sérhæfð kúabú. Þessu til viðbótar er nokkur fjöldi SUNNU-búanna með umtalsverðar aðrar tekjur, s.s. sauðfjárrækt, blóðsölu, vélavinnu o.s.frv. Þessum búum fjölgaði nokkuð á árinu 2008. Alls eru SUNNU-búin með rúmlega þriðjung af innveginni mjólk hjá MS-Selfossi. Framleiðsla þessarar búa drógst saman um tæplega 4% að meðaltali frá árinu 2008, samdráttur í framleiðslu umfram greiðslumark. Árskúm fækkaði samhlíða um 1,6 að meðaltali en afurðarstig var svipað og á árinu 2007.

Við samanburð á rekstrartölum milli ára, er raunhæfast að bera saman sömu bú. Í töflu 1 er að finna helstu lykiltölur rekstrarreikningi fyrir árin 2007 og 2008 á verðlagi ársins 2008, fyrir sömu 50 sérhæfðu kúabúin bæði árin.

Tafla 1. Lykiltölur sömu SUNNU-búanna árin 2007 og 2008.

SUNNA	2007 kr/l	2008 kr/l	Breyting %
Heildartekjur	112,5	115,1	2,3%
Búgreinatekjur	107,9	110,7	2,6%
Breytilegur kostnaður	39,8	43,5	9,3%
Framlegð	68,2	67,2	-1,5%
Fastur kostnaður	19,3	18,8	-2,6%
Afskriftir	28,5	20,0	-29,8%
Fjármagnskostnaður	22,5	119,1	429,3%
Framlegðarstig	63,2%	60,7%	-3,8%

Eins og sést í töflunni jukust tekjur búanna, kr/l, milli ára. Það skýrist einkum af hækkunum á afurðarstöðvarverði á árinu 2008. Einnig hefur áhrif að fullt afurðarstöðvarverð fæst á hlutfallslega hærra hlutfall framleiðslunnar árið 2008 en árið 2007, vegna samdráttar í framleiðslu umframmjólkur. Breytilegur kostnaður hækkar einnig nokkuð, hlutfallslega mun meira en tekjur. Það veldur því að framlegðarstig þessara búa fellur úr að meðaltali 63,2% í 60,7% milli áranna 2007 og 2008. Þyngst vegur hækkun á áburði úr 6,2 kr/l árið 2007 í 9,1 kr/l árið 2008. Rekstur búvéla hækkar einnig nokkuð, úr 4,3 kr/l í 5,2 kr/l. Á móti lækkar kjarnfóður úr 14,4 kr/l í 14,0 kr/l. Þrátt fyrir verulega aðfangahækkun

milli ára. Það bendir til minni kjarnfóðurnotkunar, samt sem áður lækkar afurðarstig þessara búa óverulega milli ára. Aukin kornrækt kann að spila þarna inn í. Fastur kostnaður þessara búa breytist óverulega milli ára. Afskriftir lækka hins vegar verulega. Þar hefur áhrif að nánast engar framkvæmdir voru í gangi og afskriftarstofnar hækkuðu því óverulega milli ára, sem og notuðust einnig margir við lágmarks afskrift, skv. lögum, árið 2008 vegna mikils gengistaps í fjármagnsliðum. Eins og sjá má í töflunni hækkar fjármagnskostnaður þessara búa verulega milli ára og er að meðaltali 119,1 kr/l árið 2008. Hér hefur gengistap mikil áhrif.

Hagþjónusta landbúnaðarins birti uppgjör sitt á búreikningum 2008 nýlega. Niðurstöður þeirra á samanburði sömu 116 sérhæfðra kúabúa víðs vegar um landið, árin 2007 og 2008, sýnir sambærilegar niðurstöður og í töflu 1 hér að ofan. Breytilegur kostnaður hækkar hlutfallslega mun meira en búgreinatekjur. Framlegðarstigð lækkar nokkuð, úr 65,2% árið 2007 í 60,9% árið 2008, og fjármagnskostnaður hækkar mikið.

Hagþjónustan birtir einnig rekstraryfirlit eftir landshlutum fyrir árið 2008. Í töflu 2 hafa verið dregnar út lykiltölur úr rekstrarreikningi fyrir sérhæfð kúabú í þeim landshlutum sem hafa fleiri en 10 býli sem skiluðu inn gögnum. Meðaltalið byggir á 150 búum sem framleiða um 25% af innveginni mjólk í landinu.

Tafla 2. Lykiltölur kúabúa eftir landshlutum.

HPL 2008	Vesturland kr/l	Norðurland vestra kr/l	Norðurland eystra kr/l	Suðurland kr/l	Meðaltal kr/l
Heildartekjur	114,1	118,1	117,1	119,7	117,5
Búgreinatekjur	111,0	115,3	114,3	113,4	113,9
Breytilegur kostnaður	46,8	48,2	42,7	45,7	45,1
Framlegð	64,2	67,1	71,6	67,8	68,8
Fastur kostnaður	31,4	30,0	33,7	28,4	31,1
Afskriftir	30,5	25,7	20,1	23,4	23,0
Fjármagnskostnaður	130,2	163,6	119,4	159,6	141,1
Framlegðarstig	57,8%	58,2%	62,6%	59,7%	60,4%

Sunnlensku búin eru með búgreinatekjur nálægt meðaltali. Heildartekjur eru hins vegar aðeins yfir meðaltali. Það kann að endurspeglast af betri tekjurmöguleikur heldur en annars staðar á landinu, sem og nauðsyn búanna til að afla frekari tekna til að standa undir skuldbindingum sínum. Breytilegur kostnaður er nálægt meðaltalinu, sem og framlegðin. Fastur kostnaður er hins vegar nokkuð lægri. Þar kann stærðarhagkvæmni að spila inn í. Sunnlensku búin eru að meðaltali stærrí en í öðrum landshlutum. Afskriftir á Suðurlandi liggja nærri meðaltalinu en fjármagnskostnaður nokkuð yfir meðaltalinu. Vegna gengistaps ársins 2008 hefur hlutfall erlendra lána af heildarskuldum, mikil áhrif hér.

Það sem vekur mesta athygli í töflu 2 er lægri breytilegur kostnaður á Norðurlandi eystra en Suðurlandi og samfara hærra framlegðarstig! Þar vegur liðurinn áburður og sáðvörur þyngst. Er 8,2 kr/l á Norðurlandi eystra en 11,2 kr/l á Suðurlandi. Annar fóðurkostnaður er áþekkur en meðalnytinn

um 250 lítrum meiri í ársku á Suðurlandi. Ef borinn er saman stærð túna er framleiddir að meðaltali 4570 l/ha á Norðurlandi eystra en 3850 l/ha á Suðurlandi. Hér er líklega um samverkun nokkurra þátta að ræða. Vera kann að hliðarbúgreinar á borð við hrossarækt og nautgripaelði séu stundar í meira mæli á sunnlensku kúabúunum, kornrækt sé meiri og breytilegur sláttutími hafi áhrif. Þarna er samt hugsanlegt að sunnlensku kúabúin eigi frekari hagræðingarmöguleika með betri nýtingu á ræktunarlendi. Huga þarf að því hvort arðsemi hliðarbúgreina sé ásættanleg.

Sauðfjárbú

Í SÓMA, markmiðstengdum búrekstraráætlunum BSSL fyrir sauðfjárbú, eru það fáir þátttakendur og stærð þeirra breytileg svo erfitt er að bera þau saman á sambærilegum grunni. Í töflu 3 eru dregnar saman lykiltölur úr rekstrarreikningi sömu 71 sérhæfðra sauðfjárbúa árin 2007 og 2008 skv. uppgjöri Hagþjónustu landbúnaðarins frá 2008, á verðlagi ársins 2008. Þessi bú framleiða um 8% af heildar framleiðslunni í landinu.

Tafla 3. Lykiltölur sömu sauðfjárbúanna árin 2007 og 2008.

HPL	2007 kr/kind	2008 kr/kind	Breyting %
Heildartekjur	18.634	18.344	-1,6%
Búgreinatekjur	17.064	16.969	-0,6%
Breytilegur kostnaður	5.733	6.314	10,1%
Framlegð	11.331	10.655	-6,0%
Fastur kostnaður	7.794	7.249	-7,0%
Afskriftir	3.740	2.890	-22,7%
Fjármagnskostnaður	2.441	10.545	331,9%
Framlegðarstig	66,4%	62,8%	-5,4%

Tafla 3 sýnir að tekjur búanna, kr/kind, dragast eilítið saman á föstu verðlagi meðan breytilegur kostnaður hækkar verulega, um rétt rúmlega 10%. Þetta veldur því að framlegðarstig þessara búa lækkar nokkuð, úr að meðaltali 66,4% árið 2007 í 62,8% árið 2008. Í breytilegum kostnaði munar mestu um hækkanir á liðunum áburður og sáðvörur annars vegar og rekstur búvéla hins vegar um tæplega 20% og svo á liðnum þjónusta um tæplega 14%. Á móti lækka rekstrarvörur um rúmlega 8%. Fastur kostnaður lækkar um 7%. Þar vegur þyngst rúmlega 13% lækkan á reiknuðum eigin launum. Líkt og fyrir kúabúin lækka afskriftir nokkuð og fjármagnsliðirnir hækka verulega.

Í töflu 4 eru birtar lykiltölur úr rekstrarreikningi, ársins 2008, fyrir sérhæfð sauðfjárbúa eftir landshlutum sem hafa fleiri en 10 býli sem skiluðu inn gögnum, skv. uppgjöri Hagþjónustunnar. Meðaltalið byggir á 87 búum sem framleiða um 800 tonn af dilkakjöti árið 2008, eða um 9% af heildar framleiðslunni.

Tafla 4. Lykiltölur sauðfjárbúanna eftir landshlutum.

HPL 2008	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Suðurland	Meðaltal
Fjöldi lamba til nytja	1,50	1,52	1,42	1,40	1,46
Ærgildi per. kind	1,06	0,83	0,98	1,37	0,97
	kr/kind	kr/kind	kr/kind	kr/kind	kr/kind
Heildartekjur	21.373	20.421	17.586	17.264	19.358
Búgreinatekjur	20.724	18.788	16.989	16.359	18.124
Breytilegur kostnaður	5.386	7.247	5.009	7.348	6.496
þar af áburður og sáðvörur	1.506	2.420	1.319	3.578	2.234
Framlegð	15.339	11.541	11.979	9.010	11.628
Fastur kostnaður	8.192	7.623	7.928	7.096	7.786
Afskriftir	3.257	2.870	2.664	3.103	2.970
Fjármagnskostnaður	13.288	17.199	4.499	5.348	11.943
Framlegðarstig	74,0%	61,4%	70,5%	55,1%	64,2%

Eins og sjá má í töflunni breytileikinn á sauðfjárbúunum almennt meiri en á kúabúunum. Jafnframt eru mun minni hluti af heildarframleiðslunni á bak við tölurnar en hjá kúabúunum. Fjöldi lamba til nytja eftir vetrarfóðraða á er undir meðaltalinu á Suðurlandi, sem og er fallþungi um 1 kg undir meðaltalinu. Þessir þættir eru lykilstæðir varðandi afkomu sauðfjárbúanna. Þrátt fyrir að sunnlensku búin séu með fjöldi ærgilda nokkuð fyrir ofan meðtalið, dugir það ekki til að vega upp slaka afurðasemi á tekjuhlíðinni. Breytilegur kostnaður er einnig nokkuð hár á Suðurlandi, reyndar sem og á Norðurlandi vestra. Þar vegur lang þyngst áburður og sáðvörur, sem er mun hærra á Suðurlandi en í öðrum landshlutum. Það bendir til þess að á Suðurlandi séu hliðarbúgreinar stundaðar í meira mæli en í öðrum landshlutum. Hér þarf líkt og á kúabúunum að fara í naflaskoðun á því hvort arðsemi hliðarbúgreinanna sé ásættanleg. Fastur kostnaður er nærri meðaltalinu á Suðurlandi sem og afskriftir. Fjármagnskostnaður er hins vegar mun lægri en meðtalið. Það bendir til að skuldsetning sunnlenskrú sauðfjárbúanna sé minni en annars staðar á landinu.

Margt bendir til framlegðarstig í landbúnaði hafi haldið áfram að lækka árið 2009 líkt og það gerði milli árána 2007 og 2008. Við slíkar aðstæður er æskilegt að átta sig á vægi hvers einstakra kostnaðarliðar í búrekstrinum og komast þannig að hvort mögulegt er að draga enn frekar úr kostnaði. Hér skiptir líka miklu máli átta sig á heildarmyndinni af rekstrinum og hvort einstakra búgreinar á búinu eru að skila viðunandi rekstrarafkomu.

Eggert Pröstur Þórarinsson
Runólfur Sigursveinsson

Tilkynning frá Félagi kúabænda á Suðurlandi

Söfnun til Mæðrastyrksnefndar sem FKS hefur staðið fyrir frá í mars sl. hefur skilað rúmlega 750.000 kr. Ríflega 40 innleggjendur mjólkur hafa lagt henni lið eða 17% af innleggjendum á félagssvæði FKS. Upphæðin hefur verið notuð til kaupa á mjólkurvörum frá MS sem Mæðrastyrksnefnd hefur svo ráðstafað.

Vill stjórn félagsins þakka kærlega fyrir framlögin frá mjólkurinnleggendum.

Það var markmið að söfnuninni lyki í desember en nú hefur vaknað áhugi um að halda henni áfram næsta ár. Ekki hefur þörf á fjárstuðningi til þessara málefna minnkað.

Á næstu dögum munu kúabændur fá sent viljayfirlýsingareyðublað með mjólkurbílnum. Blaðið má svo senda til baka með mjólkurbílnum vilji menn taka þátt í söfnuninni. Einnig má nálgast eyðublaðið á heimasíðu BSSL undir hlekknum; Félag kúabænda á Suðurlandi.

Vill stjórn FKS hvetja kúabændur til að styðja við málefnið nú, um leið og stjórnin ítrekar þakkir fyrir það sem hefur safnast nú þegar.



Jólin 2009

*Óskum viðskiptavinum okkar
gledilegra jóla og
farsældar á komandi ári*

*Þökkum samstarfið á árinu
sem er að líða*



FB Selfossi sími 570 9840
FB Hvolsvelli sími 570 9850
FB Egilsstöðum sími 570 9860



Fóðurblandan - Korngörðum 12 - 104 Reykjavík - Sími: 570 9800 - Fax: 570 9801 - netfang: fodur@fodur.is - www.fodur.is